



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1324

FUNDARBOÐ

**1324. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í fjarfundi,
15. desember 2020 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

**1. 2001210 - Umbótavinna á rekstri og innra vinnulagi hjá Akraneskaupstað
(stjórnsýsluúttekt)**

Stjórnerkisbreytingar hjá Akraneskaupstað hafa verið til meðferðar hjá embættismönnum og kjörnum fulltrúum síðastliðna mánuði.

Upphafið af þeirri vinnu má rekja til samþykktar bæjarráðs Akraness frá 27. febrúar sl. um að ráðast í umbótavinnu á rekstri og innra vinnulagi kaupstaðarins. Markmið þess verkefnis var að ná fram aukinni skilvirkni í starfsemi stjórnsýslu sveitarfélagsins með breytingum á stjórnun, verkferlum og samstarfi.

Meirihluti bæjarráðs samþykkti á fundi sínum þann 26. nóvember sl. nýtt skipurit ásamt greinargerð og tillögum um stjórnerkisbreytingar.

Ákvörðuninni er vísað til málsmeðferðar í bæjarstjórn Akraness og gert er ráð fyrir tveimur umræðum, þ.e. 1. desember og 15. desember næstkomandi.

2. 2010230 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2021-2024

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar 2021-2024.

3. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 10. desember síðastliðinn að vísa fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2021 og þriggja ára áætlun vegna áráanna 2022 til og með 2024 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness.

4. 2008220 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Dalbraut 6

Forkynning á breytingu deiliskipulagsins var tilkynnt í bréfi þann 16. október sl. til íbúa vestan megin Dalbrautar. Ennfremur voru drög að skipulagsbreytingunni auglýst og kynnt til 13. nóvember 2020. Ein athugasemd barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði auglýst skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. 1805238 - Bátaskemma á svæði Byggðasafnsins í Görðum

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 4. desember sl. breytingar á fjárhagsáætlun ársins 2020 vegna beiðni forstöðumanns menningar- og safnamála um tilfærslu fjárheimilda milli deilda.

Ráðstöfuninni er mætt með hækkun rekstrarafgangs sem nemur kr. 7.000.000 en einnig samsvarandi hækkun á fjárfestingu og hefur því breytingin ekki áhrif á handbært fé.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 34 og vísar honum til endanlegrar málsmeðferðar hjá bæjarstjórn Akraness.

6. 1912291 - Samningur um samstarf slökkviliðs Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar - Uppsögn / endurskoðun

Bókun sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar um samstarfssamning um brunavarnir og eldvarnaeftirlit.

Fundargerðir til kynningar

7. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð

3441. fundargerð bæjarráðs frá 4. desember 2020.
3442. fundargerð bæjarráðs frá 7. desember 2020.
3443. fundargerð bæjarráðs frá 10. desember 2020.

8. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð

149. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 7. desember 2020.
150. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 8. desember 2020.

9. 2001005 - Fundargerðir 2020 - Skipulags- og umhverfisráð

181. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 30. nóvember 2020.
182. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 7. desember 2020.

10. 2001003 - Fundargerðir 2020 - Velferðar- og mannréttindaráð

141. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 1. desember 2020.

11. 2001008 - Fundargerðir 2020 - SSV

156. fundargerð stjórnar SSV frá 30. september 2020.
157. fundargerð stjórnar SSV frá 15. október 2020.
Fundargerð haustþings SSV frá 16. október 2020 ásamt ályktunum frá haustþingi SSV um samgöngumál, opinbera þjónustu og atvinnumál.

12. 2001014 - Fundargerðir 2020 - Faxaflóahafna

200. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 26. nóvember 2020.

13. 2005282 - Fundargerðir 2020 - Sorpurðun Vesturlands

Fundargerð stjórnar Sorpurðunar Vesturlands frá 14. september 2020.

Sævar Freyr Þránínsson, bæjarstjóri.